

303. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGINN 11. DESEMBER 2019 KL 9:30
(FRAMHALDIÐ FIMMTUDAGINN 12. DESEMBER)

haldinn á Biskupsstofu, Katrínartúni 4, Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning
- 2) Fjármál og fasteignir
 - a) Ársreikningur kirkjumálasjóðs fyrir árið 2018, lagður fram og undirritaður
 - b) Fjárhagsáætlun fyrir árið 2020
 - c) Holt í Önundarfirði, gönguleiðir
 - d) Holt í Önundarfirði, flugafgreiðsla
 - e) Holt í Önundarfirði, leigusamningur
 - f) Garðhús við Hlíðarvatn
- 3) Málefni Skálholts
 - a) Prentsögusetur
 - b) Sala skála
 - c) Verndarsjóður Skálholtsdómskirkju, skipun stjórnar
 - d) Skólaráð Skálholtsskóla, skipun stjórnar og laun nefndar
 - e) Fundargerðir stjórnar Skálholts
 - f) Styrkumsókn í húsafriðunarsjóð
- 4) Kynning – markaðsmál
- 5) Umboð framkvæmdarstjóra til undirritunar skjala
- 6) Önnur mál
 - a) Beiðni um stofnun nýrrar prestsstöðu í Garðasókn Kjalarnesprófastsdæmi
 - b) Dagsetur fyrir heimilislaua
 - c) Kirkjutónlistarráð – fundargerðir
 - d) Greiðslumark, niðurfelling óvirks greiðslumarks

1. FUNDARSETNING

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 8:30, kirkjuráð tók þátt í bænastund með starfsfólki Biskupsstofu kl. 9:00. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík og Svana Helen Björnsdóttir (í gegnum fjarfundarbúnað). Stefán Magnússon var fjarverandi.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu, Sigurbjörg Nielsdóttir Hansen, fjármálastjóri Biskupsstofu og Þorvaldur Víðisson biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Séra Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti og Drífa Hjartardóttir, formaður stjórnar Skálholts og Olga Eleonora Marcher Egonsdóttir, í stjórn Skálholts, sátu fundinn undir dagskrárlið 3. Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, verkefnastjóri fjármála sókna sat fundinn undir dagskrárlið 2b.

Pétur Georg Markan og Greipur Gíslason sátu fundinn undir dagskrárlið 4.

Framkvæmdastjóri reifaði stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

a) *Ársreikningur kirkjumálasjóðs fyrir árið 2018, lagður fram og undirritaður*
Fjármálastjóri Biskupsstofu lagði fram ársreikning kirkjumálasjóðs 2018.

Kirkjuráð samþykkti ársreikning kirkjumálasjóðs vegna ársins 2018 og var hann undirritaður.

b) *Fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar 2020*

Fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar vegna ársins 2020 lögð fram, sjá lokasíðu skjals.

Kirkjuráð samþykkti fjárhagsáætlun (fjárhagsramma) þjóðkirkjunnar vegna ársins 2020, með fyrirvara um breytingar sem kunna að verða í ljósi athugasemda héraðsnefnda og nánari yfirferð kirkjuráðs á öllum umsóknum. Umsóknir í kirkjumálasjóð, kristnisjóð og jöfnunarsjóð sókna verða afgreiddar á næsta fundi kirkjuráðs sem fram fer 7.-8. janúar nk.

Tillögur fjármálahóps kirkjuráðs að úthlutunum úr jöfnunarsjóði sókna lagðar fram.

Kirkjuráð samþykkti fyrstu drög að úthlutunum úr jöfnunarsjóði sókna. Drögin verða send héraðsnefndum til umsagnar.

Tillögur fjármálahóps kirkjuráðs að úthlutunum úr kirkjumálasjóði og kristnisjóði verða teknar til efnislegrar umfjöllunar á næsta fundi kirkjuráðs.

Þrátt fyrir framangreint tók kirkjuráð til afgreiðslu umsókn í kirkjumálasjóð er varðar fjármögnun á útgáfu á ævisögu og ritum Jóns Vídalíns. Lagt var fram minnisblað vegna útgáfunnar, auk tilboðs frá Kirkjuhúsinu-Skálholtsútgáfu.

□ Kirkjuráð samþykkti tillögu biskups sem fram kemur á minnisblaðinu um að Skálholtsútgáfan gefi verkið út. Styrkbeiðni höfundar er samþykkt með óbeinum hætti á þá leið að fjárveitingin mun renna til Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfunnar. Um leið var samþykkt tilboð Skálholtsútgáfunnar um útgáfu verksins. Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að annast um samningsgerð vegna þessa.

c) Holt, gönguleiðir

Erindi frá Páli Stefánssyni dagsett 30. október sl., lagt fram.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að gera tillögu að afgreiðslu málsins.

d) Holt, yfirtaka leigusamnings

Vegna veðurs frestaðist framkvæmd úttektar á kirkjujörðinni Holti í Önundarfirði, sem fyrirhuguð var fyrr í mánuðinum.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að endurskoða leigusamning við núverandi leigjendur jarðarinnar.

e) Holt, flugafgreiðslu

□ Kirkjuráð samþykkti að auglýsa flugafgreiðsluna (fnr. 2126059, merkt 060101, 80,1 m²) til sölu með möguleika á lóðarleiguréttindum eða eftir atvikum til brottflutnings. Komi til gerðar lóðarleigusamnings annist fasteignasvið um að afmarka hæfilega lóð fyrir eignina.

f) Garðhús við Hlíðarvatn

□ Kirkjuráð samþykkti að vísa málinu til umsagnar Strandarkirkjunefndar.

3. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

a) Prentsögusetur

Kirkjuráð fékk á síðasta fundi kynningu á hugmyndum um stofnun Prentsöguseturs í Skálholti. Drög að samkomulagi um afnot húsnæðis í Skálholti milli Prentsöguseturs og Skálholtsstaðar, lögð fram.

□ Kirkjuráð samþykkti að hafna beiðni um að hefja framkvæmdir í hlöðu og fjósi Skálholts fyrir Prentsögusetur.

b) Skáli

Skáli sem staðsettur er við bílastæðið í Skálholti, vestan Skálholtsskóla, hefur nú verið tæmdur og sýning sem þar var til húsa færð.

□ Kirkjuráð samþykkti að skáli í Skálholti yrði auglýstur til sölu. Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að annast um söluna.

c) *Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju, skipun stjórnar*

Kirkjuráð samþykkti að skipa eftirfarandi aðila í stjórn:

Aðalmenn:

- Árni Gunnarsson, rekstrarhagfræðingur, formaður
- Erlendur Hjaltason, formaður Skálholtsfélagsins
- Kristín Ingólfssdóttir, fv. rektor HÍ

Varamenn:

- Séra Helga Kolbeinsdóttir, æskulýðsprestur í Digraneskirkju
- Hreinn Loftsson, lögmaður
- Bergþóra Baldursdóttir, hjúkrunarfræðingur

d) *Skólaráð Skálholtsskóla, skipun stjórnar*

Kirkjuráð samþykkti að skipa eftirfarandi aðila í stjórn:

Aðalmenn:

- Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson, sóknarprestur í Hruna – formaður
- Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu
- Sigurður Sigursveinsson, framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands

Varamenn:

- Séra Dagur Fannar Magnússon, prestur í Heydölum
- Margrét Bóasdóttir, verkefnisstjóri kirkjutónlistar
- Magnea Sverrisdóttir, djákni og verkefnisstjóri á Biskupsstofu

Kirkjuráð samþykkti að skólaráðið muni njóta þóknunar fyrir störf sín í samræmi við ákvörðun þóknunarnefndar.

e) *Fundargerðir stjórnar Skálholts*

Lagðar voru fram 67. og 68. fundargerðir stjórnar Skálholts.

Stjórn Skálholts lagði til að kirkjuráð myndi samþykkja þá tillögu að leigja út rekstur gistaðstöðu og veitingasölu í Skálholtsskóla.

Kirkjuráð féllst ekki á þá hugmynd stjórnarinnar að leigja út rekstur gistaðstöðu og veitingasölu í Skálholtsskóla, að svo stöddu.

Kirkjuráð mun fara betur yfir framkomnar tillögur stjórnar Skálholts, fyrir næsta fund kirkjuráðs sem fram fer 7.-8. janúar nk. Jafnframt mun kirkjuráð fjalla á þeim fundi um drög að erindisbréfi stjórnar Skálholts.

f) *Umsókn í húsafriðunarsjóð*

Lögð var fram umsókn Skálholts til húsafriðunarsjóðs vegna viðgerða á Skálholtsdómkirkju.

4. KYNNING MARKAÐSMÁL

Samskiptastjóri lagði fram tillögu að endurmörkun á kynningarefni kirkjunnar og heildarútliti.

5. UMBOÐ FRAMKVÆMDASTJÓRA TIL UNDIRRITUNAR SKJALA

Lögð voru fram drög að umboði framkvæmdastjóra kirkjuráðs til undirritunar skjala.

Kirkjuráð samþykkti að veita framkvæmdastjóra kirkjuráðs umboð til undirritunar skjala f.h. kirkjuráðs. Umboðið var undirritað.

6. ÖNNUR MÁL

a) *Beiðni um stofnun nýrrar prestsstöðu í Garðasókn Kjalarnesprófastsdæmi*

Ályktun leiðarþings Kjalarnesprófastsdæmis lögð fram, þar sem fram kemur beiðni um stofnun nýrrar prestsstöðu í Garðasókn í Garðabæ vegna aukins fjölda íbúa og sóknarbarna.

b) *Dagsetur fyrir heimilislausa*

Minnisblað starfshóps um dagsetur fyrir heimilislausa, dagsett 3. desember 2019, lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að vinna málið áfram og gera ráð fyrir verkefninu í fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar vegna ársins 2020.

c) *Kirkjutónlistarráð – fundargerðir*

Fundargerðir kirkjutónlistarráðs lagðar fram til kynningar (frá fundum 20-24).

d) *Niðurfelling óvirks greiðslumarks*

Erindi frá MAST lagt fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að leysa út óvirkt greiðslumark.

Fundi frestað kl. 16:20.

Fundi framhaldið fimmtudaginn 12. desember 2019 kl. 8:30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:10 fimmtudaginn 12. desember.

Næsti fundur kirkjuráðs verður tveggja daga fundur haldinn þriðjudaginn 7. janúar til miðvikudagsins 8. janúar nk.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
biskupsritari

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Svana Helen Björnsdóttir

Fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar 2020		
	Kirkjuráð 2. umræða	Hlutfall af tekjum
Tekjur		
Greiðsla ríkisins vegna ársins 2020.....	3.727.674.288	
Leigutekjur fasteignasviðs.....	85.273.971	
	<u>3.812.948.259</u>	
Laun og embættiskostnaður		
Laun og launatengd gjöld presta og embættismanna.....	2.210.918.594	
Laun og launatengd gjöld annarra starfsmanna.....	398.137.979	
Embættiskostnaður presta	142.007.592	
Embættiskostnaður biskupa.....	17.150.000	
Fastur kostnaður	<u>2.768.214.165</u>	72,6%
Biskupsstofa		
Yfirstjórn.....	30.231.464	
Rekstur skrifstofu.....	3.256.084	
Endurskoðun, útboð og þóknun.....	15.000.000	
Kaffistofa og færðiskostnaður.....	7.637.600	
Almannatengsl.....	5.000.000	
Rekstur Katrínartúns, fastur kostnaður.....	63.445.120	
Mannauðsmál.....	5.095.967	
Tölvu- og upplýsingatækni, fastur kostnaður.....	32.672.570	
	<u>162.338.805</u>	4,3%
Kirkjumálasjóður		
Kirkjuþing og þingnefndir, laun, ferðakostnaður og rekstur.....	26.816.682	
Kirkjuráð og nefndir, laun, ferðakostnaður og rekstur.....	32.930.000	
Fjölskylduþjónustan.....	4.500.000	
Söngmálastjóri, rekstur án launa.....	2.000.000	
Tónskóli, laun og annar kostnaður.....	23.645.539	
Prestastefna, haldin í Reykjavík.....	6.195.000	
Leikmannastefna.....	1.500.000	
Handleiðsla, ferðakostnaður.....	1.800.000	
Stafspjálfun djákna- og prestsefna.....	1.626.000	
Samningur við HÍ og endurmenntun.....	6.000.000	
Fasteignasvið, rekstur, fastur kostnaður.....	68.201.180	
Fasteignasvið, viðhald.....	100.000.000	
	<u>275.214.401</u>	7,2%
Kristnisjóður		
Kærleiksþjónusta, verkefnatengd áætlun.....	2.000.000	
Fræðsludeild, verkefnatengd áætlun.....	24.000.000	
Samkirkjumál, verkefnatengd áætlun.....	10.003.188	
Umhverfismál,	9.500.000	
Dagsetur fyrir	40.000.000	
	<u>85.503.188</u>	2,2%
Skálholt		
Fasteignasvið, þjónustuhús.....	40.000.000	
Rekstrarkostnaður Skálholtsstaðar.....	20.000.000	
Rekstrarkostnaður Skálholtskirkju.....	20.000.000	
	<u>80.000.000</u>	2,1%
Jöfnunarsjóður og aðrar úthlutanir		
Úthlutanir til sókna og aðrar úthlutanir.....	419.258.874	
Stefgjöld greidd fyrir sóknir.....	6.750.000	
Rit um kirkjubyggingar/kirkjuhús og kirkjuárið.....	1.900.000	
	<u>427.908.874</u>	11,2%
Vaxtagjöld.....	14.000.000	0,4%
	<u>3.813.179.433</u>	
Gjöld samtals		
Tekjuhalli -	231.174	-0,01%
Söluvirði fasteigna, seldar á árinu 2019, greiddar á árinu 2020.....	54.000.000	
Lagt í varasjóð	53.768.826	